



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhóls götu 7  
101 Reykjavík  
postur@srn.is

Reykjavík, 7. mars 2019

### **Efni: Umsögn um ferðumst saman - Drög að stefnu í almenningssamgöngum**

Samtök ferðapjónustunnar og Samtök atvinnulífsins (samtökin) vísa til tilkynningar á samráðsgátt stjórnvalda þar sem kynnt eru til umsagnar, „Ferðumst saman - Drög að stefnu í almenningssamgöngum“. Samtökin hafa kynnt sér umrædd drög vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Samtökin lýsa yfir miklum vonbrigðum yfir að drög að fyrirbyggjandi stefnu hafi ekki verið unnin í víðtæku samráði allra hagaðila. Ferðapjónustufyrirtæki lifa af því að flytja ferðamenn á staði tengda ferðamennsku eða með sögulegt gildi, um allt land allt árið um kring og ríkir samkeppni á því sviði. Samtökin telja mikilvægt að eiga faglegar og uppbyggilegar umræður um sambylí almenningssamgangna og ferða á staði tengda ferðamennsku eða með sögulegt gildi og harna þá framsetningu sem fram kemur í skýrslunni þar sem þjónusta við ferðamenn er nefnd „rjómafleytingar“. Slíkt orðalag er skýrsluhöfundum ekki til framdráttar.

Þá gera samtökin athugasemd við skipan verkefnahópsins sem skrifar stefnuna og þá gesti sem koma á fund verkefnahópsins þar sem skoðanir þeirra sem um ræðir geta talist einsleitar með tilliti til starfsvettvangs. Greinilegt er að höfundar stefnunnar hafa ekki haft í huga að það er grundvallarmunur á almenningssamgöngum og farþegaflutningum í ferðapjónustu og er þar bent á þá þætti sem koma skýrt fram í ákvæðum laga 28/2017 og eftirfarandi texta í greinargerð þess frumvarps:

*„Rétt er að taka fram að hefðbundnar hópferðir eða það sem í frumvarpinu kallast „óreglubundnir farþegaflutningar“ með ferðamenn eða aðra hópa verða eftir sem áður heimilar innan leiðakerfis einkaréttarhafa. Eingöngu verður óheimilt að stunda áætlunarferðir samkvæmt tímatöflu í beinum samkeppnisrekstri við einkaréttarhafa á þeim leiðum þar sem hann heldur uppi almenningssamgöngum og taka fyrirvaralaust upp farþega á biðstöðvum hans og flytja þá innan leiðakerfis einkaréttarhafans.“*

Nauðsynlegt er að taka fram að skipulagðar ferðir á staði tengda ferðamennsku eða með sögulegt gildi eru undanþegar ákvæðum reglugerða ESB um almenningssamgöngur. Rétt er að benda á að staðir tengdir ferðamennsku eða með sögulegt gildi geta eðlilega verið innan þéttbýlis og má þar m.a. nefna sundlaugar, tjaldstæði, gististaði og áningarstaði eins og veitingahús eða bensínstöðvar. Á þessum stöðum á að vera hægt að sleppa af og taka um borð ferðamenn eftir því sem við á. Samtökin eru hins vegar alveg á sama máli og skýrsluhöfundar um að einkaaðilum er óheimilt að stunda almenningssamgöngur á svæði þar sem einkaleyfi er til staðar og vilja gjarnan eiga samtal við stjórnvöld um fyrirkomulag til að sporna við slíkri framkvæmd.

Akstur flugrútu að Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) er framkvæmd á samkeppnisgrundvelli sem ber sig og á leiðin því ekki að vera til umræðu á sviði einkaréttar í almenningssamgöngum. Vert er að benda á að starfsemi flugrútunnar hefur áður verið til umræðu í sambandi við túlkun ESB reglna um almenningssamgöngur og var niðurstaðan sú að þar sem leiðin væri rekin í samkeppni ætti einkarétturinn ekki við.

Hvað varðar flugsamgöngur þá telja samtökin það skjóta skökku við að þær séu teknar inn í umræðuna í því samengi sem hér um ræðir. Bent er á að verið er að vinna á öðrum opinberum vettvangi að stefnu í innanlandsflugi og greinilegt að ekki er samráð á milli hópa þar frekar en með hagsmunaaðilum.

Samtökin telja gríðarlega mikilægt að þróa net almenningssamgangna með öllum hagaðilum við borðið með það að markiði að ná bestu og hagkvæmustu útkomunni og að almenningssamgöngur, hvort sem um er að ræða á lofti, láði eða legi og ferðir á staði tengda ferðamennsku eða með sögulegt gildi geti rekist samhliða án árekstra.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari umsagnir á síðari stigum

Virðingarfyllst

f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Gunnar Valur Sveinsson



Pétur Reimarson